


Alþingi  
Erindi nr. P 128 / 246  
komudagur 21.11.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,  
Samgöngunefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. nóvember 2002

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, 157 mál.

Frumvarpið kveður á um að Siglingastofnun geti heimilað að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá sé skráð þurleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Þurleiguskráningin sem er tímabundin skráning er háð fjölmörgum takmörkunum sem ekki verða raktar hér.

Vélstjórafélag Íslands er í andstöðu við frumvarpið af eftirfarandi ástæðum: Við teljum að það muni, verði það að lögum, auka ásókn erlendra vélstjóra í störf á íslenskum skipum í framhaldi af veru þeirra um borð í skipinu eftir að það er skráð á þurleigu:

Þar sem íslensk lög gilda ekki á meðan á þurleiguskráningu stendur má búast við að viðhaldi þess hraki svo og öllum öryggisbúnaði.

Rétt er að benda á að í skýrslu undirbúningshópsins kom fram að það eru aðeins tvö ríki í Evrópu sem leyfa skráningu af þessu tagi þ.e. Eistland og Lithaen sem eiga nú ekki margt sameiginlegt með Íslandi

Virðingarfyllst,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands

  
-----  
Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!